


**Ávallt viðbúinn**  
♣ VIÐBRAGÐSÁÆTLUN SHÁTA ♣

# Efnisyfirlit:

1. Inngangur.....	4
1.1 Viðbragðsteymi.....	4
1.1.2 Viðbragðsáætlun .....	5
1.2 Listi yfir samstarfsaðila hvers skátafélags .....	7
2. Viðbrögð við atvikum sem upp kunna að koma í starfi .....	8
2.1 Agabrot.....	8
2.1.1 Agabrot á skátafundum og styttri viðburðum .....	8
2.1.2 Agabrot í ferðum félagsins, skálum og útilegum .....	9
2.1.3 Áfengi og eiturlyf.....	9
2.2 Einelti .....	11
2.3 Kynferðislegt áreiti .....	12
3. Áföll sem snerta skáta í starfi og félagið þarf að bregðast við.....	13
3.1 Félagslegar breytingar .....	13
3.2 Vanræksla/ofbeldi. ....	14
3.3 Verklagsreglur vegna tilkynningaskyldu skátafélaga til Barnaverndarnefndar .....	14
4.3.1. Markmið.....	14
3.3.2. Ábyrgð.....	15
3.3.3. Framkvæmd .....	15
3.3.4. Endurskoðun .....	15
3.4 Langvinnir sjúkdómar.....	15
3.5 Alvarleg veikindi barns.....	15
3.6 Alvarleg slys á börnum í skátastarfi .....	16
3.7 Andlát barns sem er starfandi skáti .....	16
3.8 Áföll tengd aðstandendum skáta .....	17
3.8.1 Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda.....	17
3.8.2 Andlát aðstandanda skáta.....	17
3.9 Náttúruhamfarir .....	18
3.9.1 Jarðskjálftar .....	18
3.9.2 Eldgos .....	18
3.9.3 Fárviðri .....	18
3.10 Viðbrögð skátaforingja í kjölfar válegra atburða eða náttúruhamfara .....	19
4. Áföll sem skáti verður fyrir utan skátastarfs.....	20
4.1 Viðbrögð skátafélags ef skáti verður fyrir áfalli.....	20
4.2 Viðbrögð viðbragðsteymis BÍS ef skáti verður fyrir áfalli.....	21
5. Áföll sem skátaforingi verður fyrir .....	21
5.1 Hótun, áreitni eða ofbeldi á vinnustað:.....	21
5.2 Alvarleg veikindi skátaforingja.....	22
5.3 Alvarlegt slys skátaforingja .....	22
5.3.1 Í skátastarfi .....	22
5.3.2 Utan skátastarfs.....	22
5.4 Andlát skátaforingja .....	23
5.5 Vanlíðan skátaforingja vegna áfalls sem þeir verða fyrir utan skátastarfs.....	24

6. Samskipti við fjölmiðla.....	24
7. Ítarefni .....	25
7.1. Dæmi um vefslóðir:.....	25
7.2 Símanúmer: .....	25
7.3 Dæmi um bækur:.....	25
7.4 Sérfræðingar sem veita ráðgjöf í kjölfar áfalla .....	25
8. Viðbrögð við nokkrum þekktum sjúkdómum.....	26
8.1 Bráðaofnæmi.....	26
8.2 Sykursýki .....	26
8.3 Flogaveiki .....	26
8.4 Astmi.....	27
9. Reglur um ferðir og útilegur.....	28
9.1 Áður en lagt er af stað .....	28
9.1.2 Upplýsingar til foreldra .....	28
9.2 Drekaskátar .....	29
9.3 Fálkaskátar .....	29
9.4 Dróttskátar .....	29
9.5 Rekkaskátar .....	29
9.6 Róverskátar.....	30
10. Öryggisbúnaður .....	30
10.1 Eldvarnir .....	30
10.1.1. Eldvarnir í skátaskálum .....	30
10.1.2 Eldvarnir í skátaheimilum .....	30
11. Reglur um meðferð slysa sem verða í skátastarfi .....	31
11.1 Smávægilegir áverkar .....	31
11.2 Minniháttar slys .....	31
11.3 Alvarleg slys.....	32
12. Fylgiskjöl .....	33
Slysaskýrsla BÍS.....	33



# 1. Inngangur

Viðbragðsáætlun þessi tekur til allra þeirra sem starfa á vegum Bandalags íslenskra skáta og skátafélaganna. Hún nær til skáta, starfsmanna, félagsforingja og annarra skátaforingja.

Til að einfalda umfjöllun í þessari viðbragðsáætlun verður talað um skátaforingja samkvæmt skilgreiningu þess orðs í 10. reglugerð, 1. gr. um hæfi skátaforingja. En þar segir: „Með skátaforingja er í reglugerð þessari átt við þann sem hefur verið skipaður til ábyrgðastarfa af hálfu félagsforingja, formanns skátasambands eða skátahöfðingja“. Þar með tilheyrast starfsmenn skátafélaganna þessum hópi.

Áætlunin er þríþætt og nær til:

- Atvika sem upp kunna að koma í skátastarfi.
- Áfalla sem skátar, bæði foringjar og yngri skátar verða fyrir í starfi.
- Áfalla sem þeir verða fyrir utan skátastarfs, en gætu haft áhrif á líðan þeirra og störf fyrir hreyfinguna.

Í lokakafla er síðan að finna reglur um ferðir og útilegur skáta, ásamt upplýsingum um öryggisbúnað skála.

Hafa ber í huga að viðbragðsáætlun þessi er einungis grunnur fyrir viðbragðsáætlanir skátafélaganna. Æskilegt er að félögin deili með sér hugmyndum og reynslu á þessu sviði og komi einnig breytingartillögum og ábendingum varðandi grunnkjalið til fræðslustjóra BÍS.

Félagsforingi, stjórn og aðrir skátaforingjar geta gegnt mikilvægu stuðningshlutverki ef starfsmaður verður fyrir áfalli. Ennfremur getur stuðningur skátaforingja við börn sem lenda í áfalli haft mikið að segja. Oft felst mesta hjálpin í að vera góður hlustandi, vera til staðar og gefa viðkomandi tíma. Við megum aldrei vanmeta gildi þess að ættingjar, vinir og aðrir í samfélaginu sýni þeim sem eiga um sárt að binda samkennd og stuðning í orði og verki. Aðstæður geta þó verið þannig að utanaðkomandi aðstoð sé nauðsynleg. Mjög mikilvægt er að haldið sé þagnarheiti og trúnaður við þá sem lenda í áfalli.

Hér er hvorki fjallað um einkenni sorgar né einkenni sjúkdóma. Bent skal á að hægt er að finna slíkar upplýsingar í bókum, á veraldarvefnum o.s.frv.

Í mörgum tilfellum er hér bent á aðstoð kirkju og presta en hafa ber í huga að það hentar ekki í öllum tilfellum. Taka ber tillit til annarra trúarbragða og trúarskoðana.

## 1.1 Viðbragðsteymi

Viðbragðsteymi starfar á vegum Bandalags íslenskra skáta. Það skipa framkvæmdastjóri BÍS, skátahöfðingi og ráðgjafar á sviði lögfræði, almannatengsla og sálgæslu. Viðbragðsteymi sendir ætíð tilkynningu um alvarlega atburði til stjórnar BÍS.

Hlutverk viðbragðsteymisins er að hlúa að skátafélögum og skátaforingjum og styðja þá í viðbrögðum þeirra við atburðinum á vettvangi, huga að eftirfylgd og meta hvort þörf sé á utanaðkomandi aðstoð. Viðbragðsteymi aðstoðar við að útvega sérfræðinga eða aðra aðstoð fyrir skátafélagið eða einstaklingana ef með þarf.

Viðbragðsteymi Bandalagsins sér um að aðlaga viðbragðsáætlun þessa að starfsemi hreyfingarinnar í samstarfi við skátafélög og stendur fyrir kynningu og fræðslu á henni.

## 1.1.2 Viðbragðsáætlun


Ferlið er einfalt og á við í öllum tilfellum, sama hvort um er að ræða skátaforingja eða starfsmann sumarbúða og/eða útilífsskóla og sama hvers konar atvik er um að ræða. Dæmi um atvik sem viðbragðsáætlunin nær til eru agabrot, áfengis- og vímuefnanotkun, einelti, kynferðisleg áreitni, alvarleg veikindi, slys, andlát.

Í viðauka má finna viðbragðsáætlun hverrar starfseiningar fyrir sig (skátafélag, útilífsskóli og sumarbúðir) í þægilegri uppsetningu til útprentunar.

### 1.1.2.1 Viðbragðsáætlun skátafélags

Skátaforingi vísar málinu ávallt til félagsforingja eða starfsmanns félags sem ákveður hvort hægt sé að leysa það innan félags eða rétt sé að vísa því áfram til frekari úrvinnslu. Félagsforingja ber þó ávallt að upplýsa framkvæmdastjóra BÍS um þau mál sem upp koma þó svo að þau séu leyst innan félags.


Sé um viðbrögð við brotum skátaforingja að ræða fylgja þau sama ferli eftir að félagsforingja berast upplýsingar um brotið, hvort sem er frá foreldrum, öðrum foringjum eða skátum.



### 1.1.2.2 Viðbragðsáætlun útilífsskóla

Starfsmaður útilífsskóla vísar máli sem upp kemur ávallt til skólastjóra viðkomandi útilífsskóla, sem kemur málinu áfram til félagsforingja viðkomandi skátafélags. Félagforingi ákveður hvort hægt sé að leysa það innan félags eða rétt sé að vísa því áfram til frekari úrvinnslu. Félagforingja ber þó ávallt að upplýsa framkvæmdastjóra BÍS um þau mál sem upp koma þó svo að þau séu leyst innan félags.


Sé um viðbrögð við brotum starfsmanns útilífsskóla að ræða fylgja þau sama ferli eftir að félagsforingja berast upplýsingar um brotið, hvort sem er frá foreldrum, öðrum starfsmönnum eða þátttakendum.



### 1.1.2.3 Viðbragðsáætlun sumarbúða

Starfsmaður sumarbúða vísar máli sem upp kemur ávallt til forstöðumanns sem metur hvort hann geti greitt úr því eða rétt sé að vísa því áfram til frekari úrvinnslu. Forstöðumanni ber þó ávallt að upplýsa framkvæmdastjóra BÍS um þau mál sem upp koma þó svo að hann telji sig geta greitt úr þeim.

Sé um viðbrögð við brotum starfsmanns sumarbúðanna að ræða fylgja þau sama ferli eftir að forstöðumanni berast upplýsingar um brotið, hvort sem er frá foreldrum, öðrum starfsmönnum eða þátttakendum.




## 1.2 Listi yfir samstarfsaðila hvers skátafélags

Hvert skátafélag útbýr lista með nöfnum og símanúmerum þeirra samstarfsaðila sem æskilegt er að hafa samband við og upplýsa ef upp koma áföll í hverfinu/sveitarfélaginu.

Listann ætti að yfirfara og uppfæra í upphafi hvers starfsárs svo auðvelt sé að nota hann, ef til kemur. Eðlilegt er að á þessum lista séu a.m.k. aðilar frá:

- Bandalag íslenskra skáta, Hraunbæ 123, S: 550-9800
- Hverfissskólar
- Þjónustumiðstöð viðkomandi hverfis eða sveitarfélags
- Barnaverndaryfirvöld
- Barnahús
- Sóknarprestur
- Heilsugæsla
- Lögregla
- Önnur æskulýðs- og félagasamtök, s.s. íþróttafélög



## 2. Viðbrögð við atvikum sem upp kunna að koma í starfi

Það eru ýmis atvik sem upp kunna að koma í skátastarfi og bregðast þarf við. Erfitt er að gera þeim öllum skil en mikilvægt að hafa ákveðnar grunnreglur til að fylgja.

### 2.1 Agabrot

Með agabrotum er vísað til brota á skátalögum og öðrum reglum sem viðkomandi félag og/eða sveit setur sér. Skipta má agabrotum í væg og alvarleg agabrot. Með vægum agabrotum er einkum vísað til almennrar óhlýðni við fyrirmælum og ólátum. Alvarleg agabrot eru t.d. ofbeldi í öllum birtingarmyndum, svo sem líkamsmeiðingar, einelti og illmæli, neysla áfengis og vímuefna og brot á landslögum.

#### 2.1.1 Agabrot á skátafundum og styttri viðburðum

**Væg agabrot:**

- Við væg agabrot skal veita viðkomandi tiltal og ef nauðsyn krefur skal veita viðkomandi tímabundna brottvísun frá verkefni fundarins.

**Alvarleg agabrot:**

- Við alvarleg agabrot skal vísa viðkomandi skáta af fundi eða viðburði, hafa skal samband við foreldri/forráðamann viðkomandi skáta og sjá til þess að skátinn sé sóttur hið fyrsta og þá rætt við forráðamenn um málavöxtu.

**Skrifleg áminning og brottvikning úr starfi:**

- Ef um ítrekuð brot er að ræða skal viðkomandi skáta skrifleg aðvörun og foreldrar/forráðamenn upplýstir. Láti viðkomandi ekki af umræddri hegðun skal honum vísað skriflega tímabundið úr starfi félagsins og skulu foreldrar/forráðamenn upplýstir um þá ákvörðun.
- Sæti skáti rannsókn barnaverndaryfirvalda eða lögreglu vegna brota á barnaverndarlögum, almennum hegningarlögum eða áfengislögum skal honum vísað úr starfi tímabundið meðan rannsókn stendur yfir.
- Vísa skal skáta tafarlaust úr starfi ef sannað er að hann hafi gerst brotlegur við landslög. Brotvikningin er ótímabundin.
- Félagsforingi getur einn vikið skáta úr starfi félagsins, sú ákvörðun skal tafarlaust tilkynnt til framkvæmdarstjóra BÍS.

**Endurskoðun ótímabundinnar brottvikningar:**

- Félagsforingi getur með samþykki stjórnar BÍS heimilað skáta sem vikið hefur ótímabundið úr starfi að hefja störf að nýju.

## 2.1.2 Agabrot í ferðum félagsins, skálum og útilegum

- Liggja þarf fyrir skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna áður en skáti, yngri en 18 ára, getur farið í ferð á vegum félagsins.
- Á leyfisbréfinu þarf að koma fram að foreldrar skuldbindi sig til að sækja skátann, ef ekki þá greiða þann kostnað sem fylgir því að senda viðkomandi heim, ef skátinn verður uppvís að agabrotum í ferð á vegum skátafélagsins.

### Væg agabrot:

- Við væg agabrot skal veita viðkomandi tiltal og ef nauðsyn krefur skal veita viðkomandi tímabundna brottvísun úr dagskrá eða verði í fylgd skátaforingja.

### Alvarleg agabrot:

- Við alvarlegt agabrot skal vísa viðkomandi úr ferð eða útilegu. Foreldrar/forráðamenn skulu sækja skáta eins og skrifað hefur verið undir og skulu upplýstir um málavöxtu.
- Hafi viðkomandi ítrekað verið uppvís að alvarlegum agabrotum í ferðum skal honum meinuð þátttaka í ferðum eða öðrum viðburðum félagsins. Foreldrar/forráðamenn skulu upplýstir um þá ákvörðun.

## 2.1.3 Áfengi og eiturlyf

### Forvarnargildi skátastarfs

Skátahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í vímuefnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmennum sem eru virk í skátastarfi, reidir betur af og þau neyta síður vímuefna.

Skátaforingjar eru fyrirmyndir yngri skáta, því er öll neysla áfengis og vímuefna er bönnuð í starfi með börnum og ungmennum (sjá Æskulýðslög 4.kafli 10. gr.)

### Neysla áfengis, fíkni- og vímuefna

Einstaklingur skal aldrei stunda skátastarf undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Öll neysla áfengis, fíkni- og vímuefna er bönnuð í skátaheimili, skátaskála, í útilegum og ferðum á vegum skátafélags og BÍS sem og á skátamótum, þar sem eru þátttakendur undir tvítugu.

### Reykingar

Reykingar eru ávallt bannaðar í skátaheimilum og skátaskálum. Skátum undir 18 ára aldri er einnig óheimilt að reykja í skátastarfi. Bent skal á að skátaforingjar og aðrir eru fyrirmyndir hinna yngri því skulu þeir sem hafa náð 18 ára aldri ekki reykja í augsýn hinna yngri.

### Viðbrögð félagsins við neyslu skáta

- Bregðast skal við allri neyslu skáta í skátastarfi. Viðbrögð félagsins skulu ávallt mótast af vilja til að aðstoða skátann við að laga sig að reglunum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins.



- Foreldrar skulu ávallt upplýstir um neyslu ólögráða barna sinna í skátastarfi.
- Veita skal viðkomandi skáta áminningu við fyrsta brot og hann aðstoðaður við að laga sig að reglum félagsins. Við annað brot skal viðkomandi vikið úr stafi, hvort sem um er að ræða skáta eða skátaforingja. Jafnframt skal félagið leitast eftir að viðkomandi leiti sér aðstoðar. Hafi viðkomandi bætt ráð sitt má endurskoða brottvikninguna.
- Til sömu ráðstafana má grípa ef félagsstjórn telur vímuefna-neyslu skáta eða skátaforingja utan skátastarfs hafa áhrif á frammistöðu, ástundun eða ímynd skátafélagsins.

### Hlutverk foringja

- Foringjar skulu starfa eftir fikni- og vímuvarnarstefnu skátafélagsins, þar með talið að bregðast við fikni- og vímuefnaneyslu á viðeigandi hátt.
- Félagsstjórn mun sjá foringjum fyrir fræðsluefni um áhrif fikni- og vímuefnaneyslu á ástundun og frammistöðu í skátastarfi sem og á einkalíf skátans.
- Foringjar skulu framfylgja stefnu skátafélagsins varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga.

### Samstarf við foreldra

- Stjórn félagsins skal uppfæra foreldra um stefnu skátafélagsins í fikni- og vímuvörnum.
- Skátafélagið mun standa að góðu samstarfi við foreldra skáta með fræðslu um neikvæð áhrif fikni- og vímuefna.
- Stjórn félagsins mun starfa náið með fagfólki í fikni- og vímuvörnum og hafa samráð við foreldra, þurfi að taka á neysluvandamáli skáta undir sjálfræðisaldri.

### Samstarf við aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga

- Skátafélagið mun hafa náið samstarf um vímuvarnir við þá aðila sem sinna tómstundastarfi barna og unglunga.
- Stjórn skátafélagsins mun hafa náið samstarf við fagaðila á sviði vímuvarna sem sinna börnum og unglungum, fá frá þeim fræðsluefni og hafa samráð um einstaklinga í áhættuhópi.

## 2.2 Einelti

### Einelti er ekki liðið í skátunum.

#### Fyllsta trúnaðar skal gætt við meðferð eineltismála.

Fyrstu forvarnir gegn einelti byrja við inngöngu í skátafélagið. Á þann hátt að :

- Stuðla að samvinnu heimila og skátafélags.
- Sveitarforingi hafi reglulega umræðu í sveit sinni um líðan, samskipti og hegðun.
- Sveitarforingi setji reglur í sveitinni gegn ofbeldi og einelti.
- Skátar þjálfist að vinna í hópi og sýni hverjir öðrum tillitsemi, sveigjanleika og umburðarlyndi.
- Foreldrar skulu upplýstir um viðbragðsáætlun félagsins gagnvart einelti.
- **Hlutverk skátaforingja** er að vera vakandi fyrir líðan og velferð skáta í félaginu. Mikilvægt er að koma vitneskju um einelti sem allra fyrst til félagsforingja eða starfsmanns.
- **Hlutverk skáta í félaginu** er að koma vitneskju um einelti til sveitarforingja.
- **Hlutverk foreldra** er að vera vakandi fyrir líðan, frammistöðu og félagslegri stöðu barna sinna.

#### Skilgreining skáta á einelti:

Einelti er langvarandi ofbeldi, líkamlegt og/eða andlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Þetta þarf að vera endurtekið aftur og aftur og sá sem fyrir eineltinu verður er ekki fær um að verja sig. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

#### Könnunarstig:

Þegar vitneskja berst um einelti til skátafélagsins frá skáta, forráðamönnum eða foringjum í félaginu, er henni komið til félagsforingja. Félagsforingi kannar málsatvik og skráir atvikið í trúnaðarbók. Félagsforingi ákveður næstu skref eftir eðli málsins. Ávallt skal haft samband við forráðamenn viðkomandi aðila og kallað eftir viðbrögðum þeirra við þeim grun sem kviknað hefur.

#### Framkvæmdastig:

- Stjórn skátafélagsins tekur tilvísun eineltismála til umræðu á fundi. Þar er málið skoðað og fer það eftir eðli þess og umfangi til hvaða aðgerða er gripið. Ákveðnum stjórnarmönnum er falin umsjón áframhaldandi vinnu.
- Ef viðkomandi stjórnarmenn meta að um einelti sé að ræða sem nær út fyrir skátafélagið leita þeir eftir samstarfi við skólayfirvöld eða annarra viðeigandi aðila.
- Ef stjórnarmenn meta að um einelti sé að ræða innan sveitar, gera þeir sveitarforingja og forráðamönnum málsaðila grein fyrir stöðunni.



- **Viðkomandi stjórnarmenn skulu fara yfir:**
  - Hver viðbrögð félagsins eru til að aðstoða þolanda og geranda/gerendur.
  - Hvað forráðamenn þolanda, geranda/gerenda geta gert til aðstoðar barni sínu og félaginu og hver ábyrgð forráðamanna er í eineltismálum.
  - Hver ábyrgð forráðamanna er í meðferð eineltismála og hvað þeir geta/eigi að gera barni sínu til aðstoðar.
  - Að foreldrar geti sjálfir haft samband við námsráðgjafa og/eða sálfræðing í skóla viðkomandi.
  - Samstarf foreldra og sveitarfóringja um að fylgja málinu eftir.
- Allt ferlið er skráð í trúnaðarbók og foreldrar eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik. Ef ofangreindar aðgerðir í sveitinni bera ekki árangur að mati sveitarfóringja, vísar hann málinu til félagsfóringja ásamt trúnaðarbókarskráningu sinni á málsatvikum.
- Stjórn fylgist með framgangi málsins. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja skátafélagsins er leitað til sérfróðra aðila í skóla viðkomandi.

## 2.3 Kynferðislegt áreiti

- Til að tryggja öryggi í samskiptum og draga úr hættu á tilhæfulausum ásökunum er gott að hafa eftirfarandi í huga:
  - Skátafóringi og skáti undir 18 ára aldri skulu aldrei vera tveir saman í lokuðu rými.
  - Koma skal í veg fyrir snertingar sem auðvelt er að mis túlka (t.d. snertingar á sundbolasvæði.
  - Forðast skal óeðlileg vinasambönd fóringja og skáta.
- Ef skátafóringi verður vitni að kynferðislegu áreiti eða heyrir umtal um slíkt skal hann tafarlaust vísa því til félagsfóringja.
  - Félagfóringi hefur samband við framkvæmdastjóra BÍS og upplýsir forráðamenn um málið nema forráðamenn eigi í hlut.
  - Framkvæmdastjóri BÍS kallar saman viðbragðsteymi og/eða vísar málinu til viðkomandi barnaverndarnefndar
- Ef skátafóringi eða skáti verður uppvís að því að beita skáta kynferðislegu áreiti skal vísa málinu tafarlaust til félagsfóringja.
  - Leysa skal viðkomandi skátafóringja tafarlaust frá öllum störfum í þágu skátahreyfingarinnar og/eða vísa honum tímabundið úr starfi skátafélagsins.
  - Þegar niðurstöður liggja fyrir hjá viðeigandi yfirvöldum (lögreglu og/eða barnaverndarnefnd eða öðrum aðilum) skal tekin ákvörðun um framhaldið, þ.e. hvort viðkomandi meintur gerandi fái að starfa áfram innan skátahreyfingarinnar eða ekki.
  - Leita skal álits barnaverndaryfirvalda og framkvæmdastjóra BÍS áður en viðkomandi skáta er heimilað að koma aftur til starfa innan skátahreyfingarinnar.

## 3. Áföll sem snerta skáta í starfi og félagið þarf að bregðast við

- Félagsforingi ákveður hverju sinni í hvaða ferli málið fer og upplýsir framkvæmdastjóra BÍS um málið sem kallar saman viðbragðsteymi BÍS ef þörf er á. Viðbragðsteymið ákveður ferli málsins uppfrá því.
- Félagsforingi og/eða fulltrúi BÍS upplýsir foreldra um áfallið á hlutlausan og nærgættinn hátt. Ef um lífshættulegt ástand eða meðvitundarleysi er að ræða sér áfallateymi á slysadeild um að tilkynna foreldrum viðkomandi skáta um atburðinn. Hugsanlegt er að áfallateymi eða sjúkrahúsprestur ráðleggi að viðbragðsteymi BÍS komi að tilkynningu atburðar.
- Fulltrúi félags upplýsir hina skátana um áfallið við sem eðlilegastar aðstæður og passar að skilja hópinn ekki eftir í óvissu. Láta vita hvað tekur við. Reyndustu skátaforingjar séu hafðir eftir með hópnum en óreyndari fylgi skátanum til sérfræðinga.
- Skátaforingi upplýsi félagsforingja telji hann skáta þurfa á aðstoð eða meðferð fagaðila að halda í kjölfar áfalls. Það á við í eftirfarandi tilvikum:
  - Ef atferli skátans breytist mikið eftir áfall, ef það t.d. einangrar sig eða verður mjög órólegt. Þó gæti óvenjuleg hegðun skátans verið „eðlileg” í ljósi sorgarferlisins.
  - Ef minningar frá áfallinu sækja stöðugt á barnið.
  - Ef barnið er miður sín lengi eftir dauðsfall, heldur áfram að eiga einbeitingarerfiðleikum í starfinu eða sjálfsvígs-hugsanir sækja stöðugt á huga barnsins.
  - Ef skáti hættir skyndilega (skrópar ítrekað) í skátastarfi þrátt fyrir mikinn áhuga á starfinu fyrir áfallið.

Hér á eftir verður lýst ferlum BÍS í kjölfar ýmissa áfalla sem skátar geta orðið fyrir.

### 3.1 Félagslegar breytingar

Til dæmis skilnaður foreldra, búferlaflutningar, vinaslit, ástarsorg, misnotkun vímuefna á heimilinu eða annað

- Tryggja góð samskipti við foreldra og upplýsa foreldra um mikilvægi þess að skátaforingi viti af slíkum félagslegum breytingum í lífi skátans.
- Ekki þvinga börn til að tjá sig um slíkar félagslegar breytingar.



Skátaforingi á frekar að leitast við að vera til staðar og tilbúinn að grípa tækifærið til umræðu ef barnið sýnir vilja til þess, þó aðstæður séu ekki eins og starfsmaður kysi helst. Skátaforingi skal þó ávallt meta það hvort hann sé í stakk búinn til að aðstoða skátann á hverjum tíma eða hvort málinu sé vísað áfram, t.d. til skóla eða annarra sérfræðinga.

- Mögulega geta félagslegar breytingar leitt til vanrækslu á börnum, sjá ferli hér að neðan.

## 3.2 Vanræksla/ofbeldi.

Misjafnt hvaða merkingar eru lagðar í orðin vanræksla og ofbeldi. Með orðinu **vanræksla** er t.d. vísað til skorts á þrifnaði, umhyggju, börnin ekki sótt, útivistartími ekki virtur o.s.frv.

Með orðinu **ofbeldi** er bæði átt við það ofbeldi sem skátar kunna að beita hvern annan og/eða það ofbeldi sem þeir verða fyrir af hendi annarra, má þar nefna t.d. orðbragð, hótun, áreitni, einelti, líkamlegt ofbeldi og fleira.

- Skátaforingja sem verður vitni að slíku ber að láta félagsforingja vita sem skoðar málið nánar og metur hvort málið skuli tilkynnt til BÍS. Viðbrögð séu ákveðin eins fljótt og auðið er.
- Samráð við foreldra. Ef grunur leikur á að foreldrar beiti börn ofbeldi er málið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda án þess að hafa samráð við foreldra. Hlutverk barnaverndaryfirvalda er að kanna mál barnsins. Ef um vanrækslu er að ræða er málið rætt við foreldra fyrst. Ef það ber ekki árangur er málið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda.
- Félagssforingi metur nauðsyn þess að hafa samráð við skóla og aðra fagaðila í hverfinu.
- Ef búið er að vinna í málinu með foreldrum án árangurs, þarf að tilkynna málið til barnaverndaryfirvalda.
- Ef barn beitir annað barn alvarlegu ofbeldi skal tilkynna það til barnaverndaryfirvalda og foreldra viðkomandi barna (bæði þolanda og geranda).

## 3.3 Verklagsreglur vegna tilkynningaskyldu skátafélaga til Barnaverndarnefndar

### 4.3.1. Markmið

Ferli þetta segir til um hvernig standa skal að tilkynningu um óviðunandi misfellur í uppeldi og aðbúnaði barna og unglunga. Í lögum eru sérstakar skyldur lagðar á herðar uppeldis-, aðhlyningar- og félagsþjónustustarfsfólki um að tilkynna til barnaverndar ef grunsemdir vakna.

„Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni

og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.“  
Sjá fjórða kafla barnaverndarlaga, 17. grein, <http://www.althingi.is/lagas/134/2002080.html>

### 3.3.2. Ábyrgð

Allir skátaforingjar bera ábyrgð samkvæmt barnaverndarlögum.

### 3.3.3. Framkvæmd

1. Skátaforingi skal ræða mál viðkomandi einstaklings við félagsforingja. Gæta skal fyllsta trúnaðar gagnvart öllum hlutaðeigandi.
2. Ákvörðun og mat um tilkynningu til Barnaverndar er tekin af félagsforingja og eftir atvikum í samstarfi við viðbragðsteymi BÍS. Það skal þó áréttað að félagsforingja ber ávallt að upplýsa framkvæmdastjóra BÍS um slík mál sem upp kunna að koma inn félagsins.
3. Félagsforingi tilkynnir formlega til Barnaverndar í samráði við viðbragðsteymi BÍS.

### 3.3.4. Endurskoðun

Tilkynningarferli þetta skal endurskoðað reglulega að tilstuðlan stjórnar BÍS.

## 3.4 Langvinnir sjúkdómar

- Fá allar upplýsingar um veikindin frá forráðamönnum til að hægt sé að bregðast við á réttan hátt.
- Nauðsynlegt er að allir skátaforingjar kynni sér vel einkenni sjúkdómsins og hvernig bregðast eigi við þeim. Muna að segja nýjum foringjum frá langvinnnum sjúkdómum skáta í starfinu.
- Hafa samband við foreldra við fyrsta tækifæri þegar bregðast þarf við einkennum sjúkdóms.

Viðbrögð við nokkrum algengum sjúkdómum má finna í viðauka.

## 3.5 Alvarleg veikindi barns

- Félagsforingi eða annar skátaforingi hefur samband við foreldra og fær allar upplýsingar um veikindin frá fyrstu hendi og fylgist með framvindu málsins til að geta upplýst aðra í starfinu.
  - Sýna aðstæðunum virðingu án þess að gera meira úr þeim en þarf.
  - Sýna hluttekningu á nærgætinn hátt.
  - Félagsforingi eða skátaforingi leitar samráðs við foreldra vegna heimsókna.
  - Ef barnið heldur áfram að taka þátt í starfinu eða kemur til baka úr veikindafrii skal gæta þess að allir skátaforingjar og skátar í sveitinni séu upplýstir um stöðu mála og hugsanleg viðbrögð eftir því sem við á.



### 3.6 Alvarleg slys á börnum í skátastarfi

- Tryggja öryggi á slysstað.
- Hringja í 112. Gefa upp staðsetningu og eðli vanda.
- Kanna áverka og veita fyrstu skyndihjálp með leiðbeiningum frá Neyðarlínunni, 112.
- Fjarlægja önnur börn af slysstaðnum.
- Skátaforingi skal hafa samband við foreldra og greina þeim frá atburðinum á hlutlausan og nærgætinn hátt. Leitast skal við að svara spurningum á eins nákvæman hátt og kostur er.
  - Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða skal óska eftir aðstoð starfsmanna á slysadeild um að láta foreldra viðkomandi barns vita af slysinu.
- Skátaforingi kallar eftir aðstoð til að sinna öðrum skátum á vettvangi.
- Skátaforingi fylgir barni á slysadeild með sjúkrabíl ef kostur er og er hjá barninu þangað til foreldrar eru komnir á staðinn.
- Skátaforingi eða annar ábyrgur aðili verður eftir á vettvangi til að sinna öðrum skátum.
  - Ef um mjög alvarlega eða lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða:
    - Hafa samband við félagsforingja og framkvæmdastjóra BÍS.
    - Viðbragðsteymi BÍS eða félagsforingi hefur samband við foreldra þeirra barna sem voru á staðnum ef með þarf.
    - Enginn skáti fari af vettvangi nema búið sé að hafa samband við foreldra.
    - Æskilegt er að fá ráðleggingar eða aðstoð prests, sálfræðings, hjúkrunarfræðings eða annarra sérfræðinga við áfallahjálp eða sálgæslu.
- Skátaforingjum veitt áfallahjálp ef með þarf.
- Meta skal hvort nauðsynlegt sé að hafa samband við samstarfsaðila í hverfinu (sjá lista hvers skátafélags yfir samstarfsaðila).
- Félagsforingi kemur upplýsingum til þeirra sem ekki voru á staðnum en tilheyra starfinu (skátaforingjar / skátar / foreldrar).
- Skátaforingi fyllir út slysaskýrslu, sem aðgengileg er á dagskrárvef og í viðauka.
- Skátaforingi í samstarfi við félagsforingja skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

### 3.7 Andlát barns sem er starfandi skáti

- Hringt í 112 – áfallateymi á slysadeild tekur við málinu og hefur samband við foreldra.
- Viðbragðsteymi BÍS kallað til.
- Skátaforingi eða annar ábyrgur aðili verður eftir á starfsstað til að sinna öðrum skátum.
- Félagsforingi og/eða viðbragðsteymi hefur samband við foreldra þeirra barna sem voru á staðnum.
- Passa upp á að ekkert barn fari af starfsstaðnum nema búið sé að hafa samband við foreldra. Æskilegt að fá prest, sálfræðing og/

eða hjúkrunarfræðing til þess að veita áfallahjálp.

- Skátaforingjum og starfsmönnum veitt áfallahjálp.
- Nauðsyn þess að hafa samband við samstarfsaðila í hverfinu metin (sjá lista viðkomandi skátafélags yfir samstarfsaðila).
- Félagsforingi kemur upplýsingum til þeirra sem ekki voru á staðnum en tilheyra starfinu (skátaforingjar / skátar / foreldrar).
- Flagga í hálfra stöng eins fljótt og auðið er.
- Skátafélag sýni hluttekningu á nærgætinn hátt með því að senda samúðarkveðju til aðstandenda hins látna og/eða fara í heimsókn.
- Félagsforingi upplýsir foreldra og börnin um hvernig starfið verður næstu daga. Mikilvægt að halda starfseminni áfram og gefa börnunum tækifæri á að ræða upplifun sína og tilfinningar.
- Minningarstund ákveðin í samstarfi við samstarfsaðila og ættingja.
- Skátaforingi fyllir út slysaskýrslu (sjá viðauka).
- Skátaforingi í samráði við félagsforingja skráir niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

#### Útför:

- Fulltrúar félags skrifi minningargrein og séu viðstaddir útförina ef við á.
- Skátarnir í sveitinni fái aðstoð við að skrifa minningargrein og færa aðstandendum blóm/teikningar ef við á.
- Sjálfsgagt er að þeir skátaforingjar og skátar sem þess óska séu viðstaddir útförina.
- Huga að því hvernig stuðningi við skátana og skátaforingja verði háttad í framhaldinu.

## 3.8 Áföll tengd aðstandendum skáta

### 3.8.1 Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda

- Félagsforingi fær staðfestingu á veikindum/slysi hjá forráðamanni
- Félagsforingi tekur ákvörðun í samráði við aðstandendur um hvaða ferli á að fara í gang og upplýsir sveitarforingja.
- Huga þarf að eftirfarandi:
  - Líðan skátans og umgengni við hann í starfinu.
  - Samskiptum og upplýsingaflæði við heimili skátans.
  - Hvort og þá hvernig á að upplýsa hina skátana.
  - Halda ró sinni og gera ekki of mikið úr aðstæðum.

### 3.8.2 Andlát aðstandanda skáta

- Félagsforingi fær staðfestar upplýsingar um atburðinn hjá nánustu aðstandendum skátans. Viðbragðsteymi BÍS aðstoðar eftir þörfum.
- Félagsforingi hefur samband við fagaðila í hverfinu/bæjarfélag-



inu ef þörf krefur og skuli þeir samræma til hvaða aðgerða er gripið, svosem tilkynningar, bænastundir, viðtalstímar og fleira.

- Félagsforingi upplýsir framkvæmdastjóra BÍS og óskar eftir aðstoð viðbragðsteymis ef þörf krefur.
- Sveitarforingi með aðstoð félagsforingja tilkynnir hinum skátunum um andlátíð. Hægt er að leita ráða og leiðsagnar hjá fagaðilum (t.d. prestum eða sálfræðingum) ef þörf krefur.
- Samúðarkveðjur frá skátasveitinni, skátaforingjum og/eða félagsstjórn útbúnar og þeim komið til fjölskyldunnar.
- Félagsforingi aðstoðar sveitarforingja við að undirbúa hvernig tekið verður á móti skátanum þegar hann mætir aftur.
- Hlúa að barninu og vera vakandi yfir því hvernig það tekst á við sorgina.

### 3.9 Náttúruhamfarir

Mikilvægt að á starfssvæðum skáta sé til staðar útvarpstæki með rafhlöðu. Sjá upplýsingar á vef Almannavarnardeildar ríkislögreglustjórans: [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)

#### 3.9.1 Jarðskjálftar

- Skátaforingi kemur skátunum út í horn, undir borð eða í næstu dyragætt og lætur þau krjúpa, skýla sér með annarri hendinni og halda sér í gólf, borðfót eða dyrakarm. Mikilvægt er að leitast við að kenna skáunum viðbrögð við jarðskjálftum (krjúpa – skýla – halda).
- Varast skal þung húsgögn og hluti sem detta úr skápum og hillum.
- Halda skal skátunum fjarri stórum rúðum sem geta brotnað.
- Við jarðskjálfta geta hlutar úr byggingunni brotnað af, því er mikilvægt að halda sér fjarri þeim stöðum í húsinu þar sem hætta er á slíku.
- Hlustið eftir tilkynningum og fréttum í fjölmiðlum og farið eftir þeim fyrirmælum sem kunna að vera gefin.

#### 3.9.2 Eldgos

- Vegna hættu á eldingum á að aftengja öll rafmagnstæki þegar gosmökk leggur yfir byggð.
- Forðast skal að nota síma.
- Byrgið glugga sem snúa að eldstöð meðan gos varir og lokið fyrir reykháfa vegna gjóskufalls.
- Hlustið eftir tilkynningum og fréttum í fjölmiðlum og farið eftir þeim fyrirmælum sem kunna að vera gefin.
- Fylgist vel með veðurfregnum og öskufallsspám.

#### 3.9.3 Fárviðri


Það telst færviðri þegar vindhraði hefur náð 33 m/sek.

- Ef Veðurstofa Íslands varar við veðri, skal taka það alvarlega. Hlustið á tilkynningar og/eða viðvaranir sem kunna að vera gefnar.
- Dveljið innandyra meðan færviðri geisar.

- Látið skátana ekki vera undir gluggum, ef hætta er á fárviðri.
- Fylgist vel með veðurfréttum og tilkynningum í útvarpi og sjónvarpi.
- Heftið fok lausra muna.
- Fullvissið ykkur um að öllum gluggum og hurðum sé tryggilega lokað.
- Aflýsið ferðalögum og mannamótum
- Sendið ekki skátana heim nema í samráði við foreldra og að gengið hafi verið úr skugga um að öryggi þeirra á leiðinni heim sé tryggt.
- Foreldrar sæki börn sín ef enn er fárviðri í lok dagskrár.
- Óskið eftir aðstoð björgunarsveita við að koma skátunum til síns heima, ef foreldrar hafa ekki tæk á að sækja þá.

### 3.10 Viðbrögð skátaforingja í kjölfar válegra atburða eða náttúruhamfara

- Tala við skátana um það hvernig þeim líður og hlusta án þess að dæma. Segja þeim að tilfinningar þeirra geti verið ólíkar tilfinningum annarra og að það sé allt í lagi.
- Eins fljótt og auðið er skal taka upp hefðbundnar daglegar venjur eða móta nýjar, ef aðstæður krefjast þess.
- Viðhalda öllum tímaáætlunum sem snúa að skátunum.
- Fullvissa skátana um að þeir áttu enga sök á atburðinum, hvorki með hegðun sinni eða gjörðum.
- Hvetja skátana til að teikna mynd, eða skrifa bréf um upplifun sína og senda hana til ættingja eða vina.
- Ekki skal krefjast þess að skátar sýni sérstaka hughreysti og alls ekki skal banna þeim að gráta.
- Ekki vera hrædd við að sýna skátunum aukna athygli í kjölfar válegra atburða.
- Móta ferli til að minnast atburðarins, t.d. eftir ár. Slíkt getur framkallað söknuð og/eða tár, en jafnframt gefst tækifæri til að þakka það sem vel hefur tekist.



## 4. Áföll sem skáti verður fyrir utan skátastarfs

Skátafélag tekur þátt í viðbrögðum hverfisins, svo sem skólum, eftir því sem stjórn félagsins telur nauðsynlegt.

Nýta skal eðli skátastarfs til að vinna úr atburðum.

Dæmi:

- Fulltrúar skátafélags séu til staðar í frítíma skátanna, eru með opið hús og tilbúnir til að spjalla við börnin.
- Búa til vettvang þar sem börnin eiga sér skjól sem er utan vettvangs sorgarinnar.
- Vinna með atburðinn í hópastarfi t.d. út frá sköpun og umræðum.

### 4.1 Viðbrögð skátafélags ef skáti verður fyrir áfalli

Hlutverk skátafélags eftir t.d. andlát skáta, sjálfsvíg, skáti verður fyrir alvarlegu slysi eða annað alvarlegt áfall.

#### Stjórn skátafélags / skátaforingjar:

- Ef einn skáti er tengdari viðkomandi en aðrir skal tilkynna honum einslega um atvikið.
- Stuðla að því að halda starfsemi félagsins óbreyttri, skátaforingjar séu til staðar, séu virkir hlustendur og hlúi að börnunum. Skapa svigrúm í starfseminni fyrir spjall eða samveru í minni hópi fyrir þá sem það kjósa/þurfa.
- Draga úr kjaftasögum, skátaforingjar séu ekki boðberar óstaðfesta fréttu. Þeir gefi rétta mynd af atburðarrás í samráði við þá aðila sem bera ábyrgð og í samráði við þolendur og forráðamenn þeirra.
- Meta í samráði við viðbragðsteymi BÍS hvort skátahópurinn þurfi aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga inn á starfsstaðinn t.d. áfallahjálp eða sálgæslu.
- Sýna fjölskyldu í áfalli virðingu, fulltrúar skátafélagsins (gæta þess að þeir aðilar sem tengjast skátanum mest séu í heim hópi) fara í heimsókn ef við á og félagið sendir fjölskyldunni eitthvað til að sýna hluttekningu.

## 4.2 Viðbrögð viðbragðsteymis BÍS ef skáti verður fyrir áfalli

Hlutverk viðbragðsteymis BÍS eftir t.d. andlát skáta, sjálfsvíg, alvarlegt slys á skáta eða alvarlegt áfall aðstandanda:

- Undirbúa skátaforingja undir að vera ávallt tilbúnir til að ræða atburðinn þó þeir kysu að barnið spyrði út í atburðinn við aðrar aðstæður. Mikilvægt að segja ekki: „Við skulum ræða þetta seinna”.
- Skátaforingjar séu hvattir til að fylgjast með líðan skátanna þegar frá líður og koma málum einstakra skáta í réttan farveg ef eitt-hvað er.
- Viðbragðsteymi hlúi að skátaforingjum og útvegi sérfræðinga ef með þarf fyrir hópinn eða einstaklinga.

# 5. Áföll sem skátaforingi verður fyrir

## 5.1 Hótun, áreitni eða ofbeldi á vinnustað:

- Ef skátaforingi verður fyrir hótun, áreitni eða ofbeldi í tengslum við skátastarf, skal hann sem fyrst snúa sér til félagsforingja og tilkynna um atvikið.
- Félagforingi skal meta atvikið með foringjanum, hugsanlegum vitnum og öðrum sem málið varðar og grípa til ráðstafana í samræmi við alvarleika þess.
- Félagforingi skal strax:
  - Reyna að meta þörf foringjans fyrir stuðning sem þarf að koma strax og gangast fyrir því að hann verði veittur í þeim mæli sem þörf er á.
  - Gera viðeigandi varúðarráðstafanir og ákveða viðbrögð gagnvart geranda til þess tryggja öryggi skátaforingjans og að hindra að umrætt ofbeldi/áreitni/hótanir haldi áfram.
  - Sjá til þess að nákvæm lýsing á umræddu atviki sé skráð í trúnaðarbók félagsins.
  - Tilkynna atvikið til viðbragðsteymis BÍS.
- Ef skáti undir 18 ára aldri beitir skátaforingja alvarlegu ofbeldi skal tilkynna það til barnaverndaryfirvalda.
- Viðbragðsteymi tekur málið í sínar hendur:
  - Fundur viðbragðsteymis með viðkomandi skátaforingja.
  - Metur alvarleika atviks og gengur úr skugga um að skátaforinginn fái viðeigandi stuðning.
  - Gerir tillögur um öryggisráðstafanir og önnur viðbrögð eftir atvikum.



## 5.2 Alvarleg veikindi skátaforingja

- Félagsforingi fái greinargóðar upplýsingar um veikindin.
- Félagsforingi útskýrir veikindin og viðbrögð við þeim fyrir öðrum skátaforingjum.
- Félagsforingi sýni viðkomandi skátaforingja stuðning/umhyggju, er til staðar fyrir hann og hefur reglulega samband við viðkomandi næstu daga.
- Upplýsa skáta og foreldra ef þörf er á.

## 5.3 Alvarlegt slys skátaforingja

### 5.3.1 Í skátastarfi

- Hringja í 112.
- Kanna áverka og veita fyrstu skyndihjálp með leiðbeiningum frá 112.
- Fjarlægja börn af slysstað.
- Upplýsa félagsforingja.
- Hafa samband við aðstandendur og greina þeim frá atburðinum á hlutlausan og nærgætinn hátt. Leitast skal við að svara spurningum á eins nákvæman hátt og kostur er.
  - Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða skal láta áfallateymi á slysadeild um að hafa samband við aðstandendur.
- EF mögulegt, fylgir annar skátaforingi eða ábyrgur aðili hinum slasaða á slysadeild með sjúkrabíl og er hjá honum meðan þörf krefur.
- Skátaforingi eða annar ábyrgur aðili verður eftir á starfsstað til að sinna skátunum í starfinu.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða:
  - Kalla til viðbragðsteymi BÍS.
  - Viðbragðsteymi / félagsforingi hefur samband við foreldra þeirra skáta sem voru á staðnum ef með þarf.
- Enginn skáti fari af starfsstaðnum nema búið sé að hafa samband við foreldra. Æskilegt að fá ráðgjöf eða aðstoð prests, sálfræðings og/eða hjúkrunarfræðings varðandi áfallahjálp.
- Skátaforingja og öðrum viðstöddum veitt áfallahjálp.
- Meta þörf fyrir að hafa samband við samstarfsaðila í hverfinu ef við á (sjá lista hvers skátafélags yfir samstarfsaðila).
- Koma upplýsingum til þeirra sem ekki voru á staðnum en tilheyra starfinu, t.d. skátar og skátaforingjar.
- Skrifa slysaskýrslu (sjá viðauka).
- Senda slysaskýrslu til viðbragðsteymis BÍS.
- Skrá niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.

### 5.3.2 Utan skátastarfs

- Sá sem fær fréttir af slysi sem skátaforingi verður fyrir skal koma þeim upplýsingum til félagsforingja eins fljótt og auðið er.
- Félagsforingi leitast við að fá fréttirnar staðfestar og tilkynna skátaforingjum um slysið eins fljótt sem auðið er.
- Skátaforingjar greina skátasveitinni frá slysinu, ef þörf krefur. Félags-

foringi eða viðbragðsteymi BÍS annast tilkynninguna ef sveitarforingi viðkomandi sveitar er sá sem varð fyrir slysinu.

- Gæta þarf þess að ræða einslega við þá sem eru tengdastir viðkomandi
- Það þarf að vera reiðubúið að mæta viðbrögðum skátanna.
- Félagsforingi upplýsir foreldra þeirra skáta sem tengjast skátaforingjanum.

## 5.4 Andlát skátaforingja

- Sá sem fær fréttir af andláti skátaforingja þarf að koma þeim upplýsingum til félagsforingja og viðbragðsteymis BÍS eins fljótt og auðið er.
- Viðbragðsteymi kemur saman eftir að tilkynning berst og aflar upplýsinga um andlátið og aðdraganda þess.
- Félagsforingi og/eða viðbragðsteymi BÍS tilkynnir skátaforingjum um andlátið.
- Eins fljótt og auðið er skal tilkynna skátasveitinni um andlátið ef um sveitarforingja er að ræða. Betra er að gera það í minni hópum heldur en að kalla allan hópinn saman (t.d. aldursskipt eða eftir flokkum).
  - Gæta þarf þess að ræða einslega við þá sem eru tengdastir viðkomandi
  - Ef hinn látni er sérstaklega tengdur einhverjum skátahópi þarf viðbragðsteymi að ákveða sérstaklega hver tilkynnir hópnum um andlátið.
  - Mikilvægt er að leitast við að öll börnin sem þekktu starfsmanninn fái sömu upplýsingar á sama tíma til að koma í veg fyrir sögusagnir.
- Mikilvægt er að fylgjast með líðan barnanna og skátaforingja og kalla til aðstoð fagaðila ef með þarf.
- Gefa skátasveitinni kost á að láta í ljós líðan sína og vangaveltur, t.d. bjóða upp á sérstaka samverustund.
- Æskilegt er að senda bréf heim með skátunum þar sem greint er frá andlátinu og væntanlegum breytingum sem kunna að fylgja í kjölfarið.
- Mikilvægt er að starfsemin raskist sem minnst en sjálfsagt er að fresta öllum skemmtunum.
- Sýna hinum látna virðingu. Fara í heimsókn til fjölskyldunnar, senda samúðarkveðju til aðstandenda hins látna og flagga í hálfá stöng eins fljótt og auðið er.

### Útför:

- Skátaforingjar skátafélagsins, eða fulltrúi þeirra, skrifi minningargrein og séu viðstaddir útförina.
- Skátasveitin/flokkurinn fái aðstoð við að skrifa minningargrein og færi aðstandendum blóm ef um sveitarforingja er að ræða og skátarnir óska þess.
- Sjálfsagt er að þeir skátaforingjar og skátar sem þess óska séu viðstaddir útförina.



## 5.5 Vanlíðan skátaforingja vegna áfalls sem þeir verða fyrir utan skátastarfs

- Stuðningur við skátaforingja
  - Útskýra atburðinn og viðbrögð við honum fyrir starfshópnum ef við á.
  - Félagsforingi sýni skátaforingja stuðning/umhyggju, er til staðar fyrir hann og hefur reglulega samband við viðkomandi næstu daga á eftir.
  - Sýna viðkomandi í áfalli virðingu, fulltrúar skátafélagsins fara í heimsókn ef við á og sendir viðkomandi eitthvað til að sýna hluttekningu.
  - Leyfa viðkomandi að hafa áhrif á hvaða upplýsingar eru gefnar í skátahópnum
- Viðbragðsteymi BÍS hlúi að öðrum skátaforingjum, útvegi sérfræðinga ef með þarf fyrir hópinn eða einstaklinga.
  - Ef einstaklingur á sérstaklega erfitt eftir atburðinn, hættir að mæta, segist vilja hætta, gömul mál koma upp eða annað slíkt getur viðkomandi þurft á utanaðkomandi hjálp að halda sem félagsforingja ber að koma í réttan farveg.
- Benda viðkomandi á sérfræðinga sem hann getur leitað til. Sjá lista í ítarefnum.

## 6. Samskipti við fjölmiðla

Viðbrögð skátaforingja ef fjölmiðlar sýna atburðinum áhuga og vilja nálgast upplýsingar hjá skátaforingja sem varð vitni að eða býr yfir upplýsingum um atburðinn.

- Félagsforingi eða framkvæmdastjóri BÍS er eini tengiliður við fjölmiðla. Vísað er á þessa einstaklinga varðandi upplýsingar.
- Félagsforingi eða framkvæmdastjóri BÍS kynni sér aðstæður og undirbúi sig vel fyrir viðtöl. Hann biðji frekar um að fá að hringja síðar í blaðamenn ef hann þarf meiri tíma til að skoða málið.
- Mikilvægt er að félagsforingi eða framkvæmdastjóri BÍS sé búinn að fá rétta mynd af atburðinum og viðbrögðum við honum áður en hann tjáir sig um málið við fjölmiðla.
- Æskilegt er að allar upplýsingar sem fjölmiðlum eru gefnar varðandi þá sem lenda í áfallinu séu bornar undir nánustu aðstandendur þess eða þeirra sem í áfallinu lentu.
- Skátaforingi á staðnum vísar fjölmiðlum sem koma á vettvang í burtu til að skapa vinnufrið og vísar á félagsforingja eða framkvæmdastjóri BÍS. Kallar til aðstoðar lögreglu ef með þarf.
- Mjög mikilvægt er að skátaforingjar haldi þagnarheit og trúnað sinn við þá sem lenda í áfalli.
- Upplýsingar berist til viðbragðsteymis BÍS eins fljótt og auðið er.

# 7. Ítarefni

## 7.1. Dæmi um vefslóðir:

- <http://doktor.is/>
- <http://almanavarnir.is/>
- <http://nydogun.is>
- <http://stigamot.is>
- <http://bvs.is> (Barnaverndarstofa og Barnahús)
- <http://kvennaathvarf.is> (Samtök um kvennaathvarf)
- <http://landspitali.is> (Landspítali - Háskólasjúkrahús)
- <http://rki.is> (Rauði kross Íslands)
- <http://landsbjorg.is> (Slysavarnafélagið Landsbjörg)

## 7.2 Símanúmer:

- **1717**, Hjálparsími Rauða krossins (gjaldfrjáls) – veitir upplýsingar um viðbrögð og frekari aðstoð vegna ýmissa áfalla og atburða.

## 7.3 Dæmi um bækur:

- Benedikt Jóhannsson. (2004). Börn og skilnaður. Skálholtsútgáfan.
- Bragi Skúlason (1992). Von. Bók um viðbrögð við missi. Reykjavík: Hörpuútgáfan.
- Bragi Skúlason (1994). Sorg barna.
- Gunnar Finnbogason. (1998). Áföll í nemendahópnum – sorgin hefur mörg andlit.
- Herdís Storgaard, samantekt (2004) Slys á börnum – forvarnir – skyndihjálp. Rauði kross Íslands.
- Landlæknisembættið o.fl. (2004). Að koma í veg fyrir sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir meðal unglinga.
- Marilyn Harvey (1999). Loss and Grief, it hurts. Youth Clubs UK
- Ólöf Ásta Faresveit o.fl. (2006). Verndum þau – hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi. Mál og menning.
- Sigurður Pálsson (1998). Börn og sorg. Útg. ekki getið.
- Skýrsla nefndar (1996). Könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi og tillögur... Háskólaútgáfan.
- Wilhelm Norðfjörð o.fl. (án árs). Sjálfsvígsfræði með sérstöku tilliti til sjálfsvíga ungs fólks. Endurmenntunarstofnun HÍ.
- Þóroddur Bjarnason o.fl. (2002). Sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna. Landlæknisembættið.



## 7.4 Sérfræðingar sem veita ráðgjöf í kjölfar áfalla

Hér að neðan eru nöfn nokkurra skáta sem e.t.v. mætti leita til í kjölfar áfalla. Rétt er þó að hafa í huga að ekki er búið að leita eftir samþykki þeirra.

- Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, sálfræðingur
- Dr. Sigurður Júlíus Grétarsson, sálfræðingur
- Séra Sigfús Kristjánsson, prestur
- Séra Aðalsteinn Þorvaldsson, prestur
- Margrét Tómasdóttir, hjúkrunarfræðingur

## 8. Viðbrögð við nokkrum þekktum sjúkdómum

### 8.1 Bráðaofnæmi

- Einstaklingur í losti þarf að komast sem allra fyrst undir læknishendur, hringja á 112 og nota EPI penna (bráðasprautu/adrenalínsprautu) ef hann er til staðar.
- Ef starfsmaður sér að barn er að fá lost er hægt að draga úr eða afstýra lostinu með eftirfarandi aðgerðum:
  - Leggja einstaklinginn niður og snúa höfðinu til hliðar.
  - Losa um fatnað sem gæti þrengt að öndunarfærum.
  - Setja hærra undir fætur.
  - Koma í veg fyrir hitatap með því að breiða yfir einstaklinginn.
  - Ekki gefa næringu.
  - Hlúa að viðkomandi eftir föngum og ef einstaklingur er meðvitundarlaus á að leggja hann á hliðina (í læsta hliðarlegu).

### 8.2 Sykursýki

- Brugðist við blóðsykurfalli með eftirfarandi aðgerðum:
  - Gefa viðkomandi strax kolvetni, t.d.:
    - Glas af mjólk og brauðsneið
    - 2-3 sykurmola leysta upp í vatni og brauðsneið
    - Gosdrykk/ávaxtasafa og brauðsneið
- Ef einkenni hverfa ekki á 5-10 mínútum skal hringt á 112.
- Aldrei má yfirgefa einstakling með sykurfallseinkenni.

### 8.3 Flogaveiki

Mjög mikilvægt að allir starfsmenn þekki einkenni flogakasts hjá flogaveiku barni og fái upplýsingar um viðbrögð frá foreldrum.


- Við flog þarf að koma barninu í rólegar aðstæður þar sem barnið getur jafnað sig.
- Ef floginu fylgir krampi skal fylgja eftirfarandi ferli:
  - Halda ró sinni
  - Losa um föt sem gætu þrengt að öndunarvegi

- Reyna að fyrirbyggja meiðsl
- Ekki setja neitt upp í munn einstaklings með krampa
- Hlúa að viðkomandi og leggja á hliðina/setja í læsta hliðarlegu
- Ekki má yfirgefa einstakling sem hefur fengið krampa fyrr en hann hefur náð fullri meðvitund.
- Hringja á 112 ef:
  - Krampi stendur lengur en 5 mínútur
  - Starfsmenn vita ekki af hverju krampinn stafar
  - Annar krampi fylgir í kjölfarið
  - Einstaklingur kemst ekki til meðvitundar eftir að kippirnir hætta
  - Einstaklingur fær krampa í vatni

## 8.4 Astmi

Brugðist skal við astmakasti með eftirfarandi aðgerðum:

- Gefa innúðalyf.
- Róa viðkomandi og koma honum í rólegt umhverfi.
- Hlúa að viðkomandi, t.d. hjálpa honum að sitja uppi og láta hann anda að sér fersku lofti eða hvað annað sem viðkomandi finnst vera hjálp í.
- Hringja skal á 112 ef einstaklingur:
  - Á í verulegri andnauð
  - Er fögur og þvalur
  - Er blár í andliti og á vörum



# 9. Reglur um ferðir og útilegur

## 9.1 Áður en lagt er af stað

Skátum er skylt að uppfylla neðangreind atriði áður en lagt er upp í ferð, hvort sem um er að ræða dagsferð eða útilegu:

- Ferðin þarf að vera með vitund og samþykki sveitarfóringja/félagsfóringja.
  - Ekki má víkja frá áætlun nema brýna nauðsyn beri til.
- Ábyrgðaraðili/Fararstjóri getur verið sveitarfóringi, eldri skáti, skálavörður eða foreldri.
- Fararstjórar þurfa að vera tveir, karlmaður og kvenmaður. Þeir þurfa að hafa náð 18 ára aldri.
- Fararstjóri sé með gilt skyndihjálparskírteini.
- Ef fleiri en 20 skátar fara í ferð bætist við einn aðstoðarmaður (16 ára eða eldri) á hverja 6 skáta.
- Viðeigandi sjúkragögn séu með í ferð.
- Gerðar hafi verið ráðstafanir til að hægt sé að ná tafarlaust í lækni ef slys ber að höndum, með því að hafa síma meðferðis. Ganga þarf úr skugga um hvort og hvar sé hægt að ná símasambandi.

Sveitarfóringi þarf að fá í hendur:

- Afrit af korti þar sem áætluð leið er merkt inn á
- Tímaáætlun
- Leiðarlýsingu
- Dagskrá
- Lista yfir þátttakendur
- Skriflegt leyfi foreldra ef þátttakendur eru yngri en 18 ára

Í ferðum og útilegum þarf að skrá veikindi, slys (sjá fylgiskjal) og annað sem kemur uppá og gæti orkað gæti tvímælis og tilkynna félagsfóringja.

### 9.1.2 Upplýsingar til foreldra

Allir skátar á aldrinum 7-17 ára sem fara í útilegur á vegum skátafélags skulu fá upplýsingablöð um útileguna. Meðal annars skal koma fram:

- Nafn og sími sveitarfóringja
- Nafn og sími starfsmanns/félagsfóringja og/eða tengiliðar innanbæjar
- Dagsetningar útilegunnar
- Viðkomu- og gististaðir og aðbúnaður þar
- Markmið útilegunnar
- Brottfararstaður og stund
- Helstu dagskrárliðir
- Áætlaður tími kyrrðar að kvöldi og fótaferðartími
- Áætlaður tími heimkomu
- Ábendingar um útbúnað

- Matseðill og magn á skáta ef þeir eiga að koma með hráefni til matargerðar
- Hvað telst innifalið í þáttökugjaldi
- Ábendingar um óæskilegan farangur ef þess er þörf
- Í hvernig fjarskiptasambandi hópurinn verði
- Eyðufylling fyrir samþykki foreldra fyrir ferðinni

## 9.2 Drekaskátar

- Sérstakar ferðir drekaskáta skal miða við útivistarsvæði í þéttbýli.
- Allar ferðir drekaskáta eru undir stjórn sveitarforingja, sem ber ábyrgð á velferð og öryggi þeirra.
- Ferðir skulu kynntar foreldrum með dreifibréfi.
- Félagsforingi/Starfsmaður fær í hendur áætlun.
- Í áætlun ætti meðal annars að koma fram tímaáætlun, leiðarlýsing, dagskrá, listi yfir þátttakendur í ferðinni og afrift af dreifibréfi til foreldra.

## 9.3 Fálkaskátar

- Ferðir fálkaskáta skal miða við láglandi.
- Allar ferðir og útilegur fálkaskáta eru undir stjórn sveitarforingja, sem ber ábyrgð á velferð og öryggi þeirra.
- Ferðir skulu kynntar foreldrum með dreifibréfi.
- Félagsforingi/Starfsmaður fær í hendur áætlun.
- Í áætlun ætti meðal annars að koma fram tímaáætlun, leiðarlýsing, dagskrá, listi yfir þátttakendur í ferðinni og afrift af dreifibréfi til foreldra.
- Sveitarforingi verður að samþykkja áætlun flokksins.
- Ekki má víkja frá áætlun nema nauðsyn beri til.

## 9.4 Dróttskátar

- Ferðir dróttskáta miða við láglandi, heiðina og fyrstu kynni af fjallamennsku.
- Allar ferðir og útilegur dróttskáta er undir stjórn sveitarforingja, sem ber ábyrgð á velferð og öryggi skátanna á meðan henni stendur.
- Ferðir og útilegur skulu kynntar foreldrum með dreifibréfi og leitað skriflegs leyfis þeirra.
- Félagsforingi/Starfsmaður fær í hendur áætlun.
- Í áætlun ætti meðal annars að koma fram tímaáætlun, leiðarlýsing, dagskrá, listi yfir þátttakendur í ferðinni og afrift af dreifibréfi til foreldra.

## 9.5 Rekkaskátar

- Ferðir rekkaskáta miðast við láglandi, heiði og hálendið allan ársins hring.
- Allar ferðir og útilegur rekkaskáta er undir stjórn sveitarforingja sem ber ábyrgð á velferð og öryggi skátanna á meðan henni stendur.
- Félagsforingi/Starfsmaður getur veitt leyfi fyrir foringjalausri re-



kkaskátaútilegu með skriflegu samþykki foreldra, að því gefnu að einhver í rekkaskátahópnum sé orðinn 18 ára.

- Með skriflegu samþykki foreldra getur félagsforingi/starfsmaður veitt leyfi fyrir útilegur í öræfa- og jöklaskála að vetri til. Sama regla gildir um tjald- eða snjóhúsaútilegur að vetri til.

## 9.6 Róverskátar

- Rekkaskátar leggja heiminn að fótum sér. Eru fullorðnir og bera ábyrgð á eigin skátastarfi

# 10. Öryggisbúnaður

Sveitarforingi er ábyrgur fyrir hópnum sem hann fer með í ferð, hvort sem er dagsferð eða lengri. Ekki er alltaf hægt að treysta að viðeigandi öryggisbúnaður sé til staðar í skálum. Það getur því verið handhægt að hafa meðferðis öryggiskassa, svona rétt eins og sjúkrakassa. Í þessum kassa ætti að vera t.d. reykskynjari, slökkvitæki, eldvarnarteppi og útvarp með rafhlöðum. Mikilvægt er einnig að hafa meðferðis gsm-síma. En þar sem gsm samband getur verið misgott ætti það að vera eitt af fyrstu verkum sveitarforingja að kanna hvort gott samband sé á svæðinu, ef ekki þá finna þá staði sem samband næst. Það getur verið of seint að gera það ef slys ber að höndum.

Tryggja þarf að foringjar séu þjálfaðir í meðferð eldvarnartækja og viðbrögðum við eldsvoða

## 10.1 Eldvarnir

Almennt er vísað til mikilvægis þess að skátaskálar og skátaheimili uppfylli öll skilyrði vaðandi eldvarnir. En hér að neðan er dregið á helstu atriðum

### 10.1.1. Eldvarnir í skátaskálum

- Slökkvitæki: CO<sub>2</sub>-tæki og léttvatnstæki við hverja útgönguleið. Ef ekki er jafnaðarhiti í skála gæti dufttæki hentað betur en léttvatnstæki.
- Reykskynjari: Í hvert herbergi, gjarnan samtengdir.
- Eldvarnateppi: Í eldhúsi og við grill.
- Flóttaleiðir: Merktar með neonskiltum.  
Tvær hæðir: Flóttadyr (stór gluggi) á efri hæð með brunastiga, opnanlegir gluggar í hverju herbergi.  
Ein hæð: Opnanlegur gluggi í hverju herbergi.  
Ef skálinn er ætlaður fleiri en 30 manns þarf tvennar flóttadyr á neðri hæð.
- Gas og olía. Gas og olía sé geymt aflokað utandyra. Mjög skýrar vinnureglur séu hafðar um notkun gass og olíu og þeir sem bera ábyrgð á hópnum sem gista í skálanum fá þjálfun sem ljúki með færniþrófi.

### 10.1.2 Eldvarnir í skátaheimilum

- Slökkvitæki: Léttvatnstæki við hverja útgöngudyr og í sal.

- Reykskynjari: Í hvert herbergi, gjarnan samtengdir.
- Eldvarnateppi: Í eldhúsi.
- Flóttaleiðir: Merktar með neonskiltum.  
Tvær hæðir: Flóttadyr (stór gluggi) á efri hæð með brunastiga, tvennar flóttadyr (eða stór gluggi og dyr) opnanlegir gluggar í hverju herbergi.  
Ein hæð: Opnanlegur gluggi í hverju herbergi og tvennar flóttadyr.

## 11. Reglur um meðferð slysa sem verða í skátastarfi

- Félagsforingi ber ábyrgð á því að viðeigandi sjúkragögn séu ætíð til í skátaheimili/um og útileguskála/um félagsins.
- Sveitarforingi ber ábyrgð á því að viðeigandi sjúkragögn séu meðferðis í útilegum og dagsferðum sveita og flokka.
- Félagsforingi/Starfsmaður ber ábyrgð á að viðeigandi sjúkragögn séu meðferðis í ferðum sveitar/félags.

Einn foringi sem hefur gilt skyndihjálparpróf stýrir aðgerðum ef slys ber að höndum. Hann einbeittir sér að þeim skáta sem hefur slasast og fær sér til aðstoðar, ef þarf, annan foringja. Aðrir foringjar koma öðrum skátum af slyssað, sefa ótta þeirra og koma þeim í annað starf.

Ef flokksforingi er eini foringinn á staðnum sinnir hann hinum slasaða eins og reynsla og þjálfun leyfir en reynir sem fyrst að fá utanaðkomandi aðstoð. Þegar öryggi hins slasaða er tryggt hefur flokksforingi samband við sveitarforingja. Sveitarforingi ber ábyrgð á skýrslugerð og samskiptum við foreldra í samráði við félagsforingja. Félagsforingi ber ábyrgð á skýrslugerð til lögreglu.

### 11.1 Smávægilegir áverkar

- Ætíð ber að fylla út slysskýrslu BÍS (sjá fylgiskjal) eftir að gert er að sárum skátans með búnaði úr sjúkrakassa og áverkar gætu vakið spurningar foreldra, eins ef um höfuðhögg eða bakmeiðsl er að ræða.
- Segja á foreldrum frá tildrögum óhappsins í lok dagskrár.

### 11.2 Minniháttar slys

- Ef óhapp verður og skáti meiðist skal leita til læknis (slyssadeild) ef minnsti grunur leikur á að þess sé þörf.
- Undantekningarlaust á að leita til læknis ef um er að ræða: brunasár, andlitsáverka, tannáverka, þungt höfuðhögg, bakáverka, grun um innvortis meiðsl eða grun um beinbrot.
- Þegar leita þarf læknis á ætíð að hafa samband við foreldra eða forráðamenn eins fljótt og kostur er og leyfa foreldrum að velja hvort þeir fari með skátann til læknis/slyssadeild eða hitti skátann þar.
- Félagsforingi sér til þess að tekin sé lögregluskýrsla.



- Ætíð ber að fylla út slysaskýrslu BÍS (sjá fylgiskjal) og afhenda félagsforingja.

## 11.3 Alvarleg slys

- Koma á skátanum undir læknishendur án tafar. Kalla skal á sjúkrabíl/þyrlu ef með þarf.
- Hafa á samband við foreldra eða forráðamenn án tafar og láta vita hvað gerðist og hvert var farið með skátann. Ef slys er það alvarlegt að foreldrar gætu þarfnast áfallahjálpar á hins vegar að láta áfallahjálparteymi viðkomandi sjúkrahúss um að hafa samband við foreldra.
- Koma skal upplýsingum um slysið strax til félagsforingja.
- Kalla skal lögreglu á staðinn til þess að gera skýrslu um slysið (slysrannsóknadeild). Þetta þarf að gera jafnvel þó að lögreglubíll hafi fylgt sjúkrabifreið.
- Fylla Ætíð ber að fylla út slysaskýrslu BÍS (sjá fylgiskjal) og afhenda félagsforingja.

### **Munið !**

Ábyrgðin hvílir á viðkomandi foringja þar til leitað hefur verið ráða hjá æðri foringja, sérfræðingum, læknum eða forráðamönnum.

# 12. Fylgiskjöl

## Slysaskýrsla BÍS

Skátafélag: \_\_\_\_\_

Nafn hins slasaða: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_ Sími \_\_\_\_\_

Hvenær varð slysið: \_\_\_\_\_ / \_\_\_\_\_ 20\_\_\_\_\_ kl: \_\_\_\_\_

Hvar varð slysið: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Áverkar: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðdragandi: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Viðbrögð og ráðstafanir: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Utanaðkomandi hjálp: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Var gerð lögregluskýrsla? \_\_\_\_\_

Foringi á slysstað: \_\_\_\_\_

Vitni að atvikinu (sjónarvottur): \_\_\_\_\_

Var vitneskju komið til aðstandenda barnsins? \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Undirskrift foringja

Undirskrift félagsforingja

ÞESSA SKÝRSLU Á AÐ VARÐVEITA Í SKJALASAFNI FÉLAGSINS Í 10 ÁR

Afrit sent til skrifstofu BÍS

